

## Skýrsla UFA Eyrarskokks 2022



Stjórn deildarinnar 2022 var skipuð Rannveigu Oddsdóttur formanni, Söru Dögg Pétursdóttur gjaldkera, Önnu Berglindi Pálmadóttur meðstjórnanda og Antoni Erni Brynjarssyni meðstjórnanda.

Starf UFA Eyrarskokks var blómlegt á árinu og voru virkir félagsmenn um 120. Að venju var boðið upp á skipulagðar hlaupaæfingar þrisvar í viku sem voru vel sóttar. Rannveig Oddsdóttir og Þorbergur Ingi Jónsson settu saman prógrömm fyrir hópinn og góður hópur þjálfara sá um að fylgja því eftir og halda utan um hópinn. Vegna fjölgunar í hópnum var á vormánuðum ákveðið að fjölga í þjálfarateyminu og hafa tvo þjálfara á öllum æfingum. Sonja Sif Jóhannsdóttir, Hildur Andrjesdóttir, Þóra Guðný Baldursdóttir, Heiðrún Jóhannsdóttir, María Aldís Sverrisdóttir og Ragnhildur Jónsdóttir hafa skipt þeim vöktum með sér. Á vormánuðum var haldið hlaupanámskeið undir leiðsögn Sonju Sifjar Jóhannsdóttur, Gunnars Atla Fríðusonar og Þóreyjar Sjafnar Sigurðardóttur, 38 manns sóttu námskeiðið og hluti þess hóps gekk í Eyrarskokkið að námskeiðinu loknu.

Eyrarskokkarar voru duglegir að taka þátt í hlaupaviðburðum vítt og breitt um landið á árinu og nú var aftur hægt að ferðast út fyrir landsteinana til að hlaupa og ófáir nýttu sér það. Mikill áhugi hefur verið á utanvegahlaupum innan hópsins og iðkendur hafa nýtt sér bakgarð bæjarins vel til æfingar, s.s. Kjarnaskóg, Naustaborir, Krossanesborgir, Hlíðarfjall og Vaðlaheiði. Þá hafa félagsmenn verið áberandi meðal keppenda í utanvegahlaupum vítt og breytt um landið og staðið sig vel á þeim vettvangi. Þorbergur Ingi Jónsson er sem áður stigahæstur íslenskra karla á styrkleikalista ITRA sem byggir á stigagjöf fyrir utanvegahlaup. Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir er önnur stigahæst íslenskra kvenna og Anna Berglind Pálmadóttir og Rannveig Oddsdóttir eru númer þrjú og fjögur á þeim lista. Karlamegin

eru svo Akureyringarnir Halldór Hermann Jónsson og Jörundur Frímann Jónsson í fimmta og sjötta sæti. Það má því segja að bakgarður bæjarins og öflugt hlaupastarf í bænum sé farið að bera ríkulegan ávöxt og átti UFA fjóra fulltrúa í landsliðinu í utanvegahlaupum sem fór á heimsmeistaramót í Tælandi í nóvember, Rannveigu Oddsdóttur, Sigþóru Brynju Kristjánsdóttur, Þorberg Inga Jónsson og Halldór Hermann Jónsson.

Hlauparar úr UFA gerðu það líka gott í götu- og brautarhlaupum. Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir átti mjög gott keppnisár og hefur skipað sér í flokk með fremstu hlaupakonum landsins. Hennar stærsta afrek í ár var að hlaupa hálfmaraþon á 1:19:03 sem er fjórði besti tími íslenskrar konu í þeirri vegalengd. Auk þess bætti hún sig í helstu vegalengdum brautarhlaupa innahúss og í 5 og 10 km götuhlaupum. Hún vann Íslandsmeistaratitla í 3000 m hindrunarhlaupi og hálfmaraþoni og hlaut viðurkenninguna götuhlaupari ársins 2022 hjá FRÍ.

Baldvin Þór Magnússon, sem er skráður félagi í UFA en stundar nám og æfingar í Bandaríkjunum, hélt áfram að bæta glæsilegan árangur sinn í millivegalengdum á árinu. Hann setti þrjú Íslandsmet, í 3000 m hlaupi innanhúss og í 5000 m hlaupi innanhúss og utanhúss. Hann átti frábært tímabil í úti í Bandaríkjunum og varð meðal annars þrefaldur svæðameistari, í einni mílu, 3000 og 5000. Hann keppti í 3000 m hlaupi á HM innanhúss og komst þar í úrslit. Baldvin heimsótti sinn gamla heimabæ í sumar og keppti í 1500 m hlaupi á MÍ og hálfmaraþoni í Akureyrarhlaupi og vann Íslandsmeistaratitla í báðum greinum. Hann hlaut viðurkenninguna millivegalengdahlaupari ársins 2002 hjá FRÍ.

UFA Eyrarskókk var með þrjá fræðslufundi fyrir félagsmenn á árinu, um skyndihjálp, púlsþjálfun og grunnatriði hlaupaþjálfunar fyrir byrjendur. Farið var í haustferð þar sem hlaupið var yfir Gönguskarð úr Dalsminni yfir í Köldukinn. Góð þátttaka var í ferðinni og skelltu hlauparar sér í sjóböðin á Húsavík eftir hlaup og borðuðu saman áður en haldið var heim. Árlegt jólahlaup félaga fór fram í desember en þá er hlaupið um bæinn og sprellað svolítið og boðið upp á léttar veitingar á leiðinn og í lok hlaups.

## **Hlaup á vegum UFA 2022**

Hlaupahald er eitt af verkefnum deildarinnar. Frá stofnun hennar hafa félagsmenn komið að undirbúningi og framkvæmd hlaupa á vegum UFA og bætt nýjum hlaupaviðburðum inn í þá flóru sem fyrir var. Árið 2022 stóð UFA fyrir eftirtöldum hlaupum:

### **Vetrarhlaup**

Vetrarhlaupin hafa verið fastur liður í starfi deildarinnar frá stofnun hennar 2003. Hlaupin eru haldin mánaðarlega frá október og fram í mars og er keppt í stigakeppni einstaklinga og liða. Undanfarin ár hafa verið hlaupnar mismunandi leiðir 6-10 km langar og hefur ekki verið tímataka í hlaupunum heldur ræður röð manna í mark úrslitum í stigakeppninni. Góð þátttaka var í þessum hlaupum á árinu 50-80 manns í hverju hlaupi.

### **1. maí hlaup**

Eftir tveggja ára hlé vegna covid var aftur hægt að halda 1. maí hlaupið. Hlaupið er fyrst og fremst krakkahlaup þar sem leikskólabörn hlaupa 400 m og grunnskólabörn 2 km eða 5 km. Tímataka er í 5 km hlaupinu og er það opið fullorðnum líka. Um 300 hlauparar tóku þátt í ár, flestir yngri en 18 ára. Keppt er um hlutfallslega þátttöku nemenda í grunnskólum bæjarins og nærsveita í flokkum fjölmennra og fámennra skóla og í ár báru Giljaskóli og Þelamerkurskóli sigur úr bitum í þeirri keppni. Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru Akureyrarbær, Verkalýðsfélagin, Greifinn og MS. Auk þeirra styrktu nokkur fyrirtæki í bænum hlaupið með því að gefa útdráttarverðlaun.

### **Akureyrarhlaup**

Akureyrarhlaup var haldið fimmtudaginn 30. júní og voru þátttakendur 130. Keppt var í þremur vegalengdum, 5 km, 10 km og hálfmaraþoni og var hálfmaraþonið jafnframt Íslandsmeistaramót í

greininni. Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir og Baldvin Þór Magnússon bæði úr UFA sigruðu í hálfmarathoninu og náðu bæði brautarmetum hlaupsins. Sigþóra jafnaði met Elínar Eddu Sigurðardóttur frá 2019 1:20:42 og Baldvin bætti met Arnars Péturssonar frá 2019 um rúma mínútu, hljóp á 1:08:48. Í 10 km hlaupi sigruðu Börkur Þórðarson á 35:35 og Hulda Fanný Pálsdóttir á 39:41 og í 5 km hlaupi urðu hjónin Anna Berglind Pálmadóttir og Helgi Rúnar Pálsson úr UFA fyrst í mark, Anna á 19:18 og Helgi á 18:29.

Helstu styrktaraðilar hlaupsins voru Akureyrarbær, Íslensk Verðbréf og World Class, auk þess sem fjöldi fyrirtækja í bænum gáfu verðlaun og veitingar.

### Súlur Vertical

Eyrarskokkarar komu að undirbúningi hlaupsins sem félagið Súlur vertical stendur að. Tóku félagsmenn meðal annars að sér að merkja hlaupaleiðina og aðstoða við framkvæmd hlaupsins á hlaupadag. Veðrið var hlaupurum og hlauphöldurum ekki hliðholt þetta árið og þurfti að breyta hlaupaleið í lengstu vegalengdinni vegna þess. Hlaupadagurinn varð engu að síður hinn besti. Góð þátttaka var í hlaupinu yfir 400 hlauparar og góð stemning í kringum það. Heimamenn voru sigursælir í hlaupinu. Þorbergur Ingi Jónsson sigraði í lengstu vegalegdinni (55 km) í karlaflokki og Rannveig Oddsdóttir í kvennaflokki og Hulda Elma Eysteinsdóttir var önnur. Í 28 km hlaupinu voru Halldór Hermann Jónsson og Jörundur Frímann Jónasson í fyrsta og öðru sæti karla og Sigþóra Brynja var önnur kvenna í sömu vegalengd á eftir Andreu Kolbeinsdóttur úr ÍR. Í 18 km hlaupinu sigraði Anna Berglind Pálmadóttir í kvennaflokki.

### Hausthlaup UFA

Hausthlaupið er hlaup með einfaldri umgjörð þar sem hlaupnar eru sömu 5 og 10 km leiðir og í Akureyrarhlaupi. Hlaupið var haldið 21. september og voru þátttakendur 36.

### Gamlárshlaup UFA

Hægt var að halda Gamlárshlaup með hefðbundnu sniði eftir tveggja ára covidtakmarkanir. Ákveðið var að breyta um hlaupaleið og hlaupa ekki frá Bjargi eins og löng hefð er fyrir heldur byrja við veitingastaðinn Bryggjuna og hlaupa eftir strandstígnum meðfram sjónum suður að flugvelli. Þessi leið er mun öruggari fyrir hlaupara en gamla leiðin og brautarvarsla einfaldari. Jafnframt af ákveðið að vera ekki með tímatöku því áhugi á keppnishlaupi á þessum tíma er takmarkaður og hlaupið hefur á undanförunum árum þróast í það að vera fyrst og fremst skemmtihlaup þar sem fólk mætir í búningum og hleypur í góðum félagsskap. Hörð samkeppni var í búningakeppninni en það var liðið Meiðslalistinn sem bar sigur úr bitum.



## Ársreikningur UFA Eyrarskokks 2022

	<b>Tekjur</b>	<b>Gjöld</b>
Æfingagjöld	2.109.500	
Laun þjálfara		1.662.500
Hlaupanámskeið	99.200	
Auglýsing v/hlaupanámsk		28.669
Aðalfundur		7.490
Skatturinn v/kennitölu		30.000
Gleðistund		61.800
Skyndihjálp		35.663
Merkingar á jakka		105.000
Magnari og hljóðnemi		30.059
Hausthlaup	5.000	
Haustferð, rúta		117.000
Merkispray		2.425
Ijós		201.650
Jólahlaup		109.456
Vetrarhlaup	35.336	
Aðrar tekjur	261	
Fjármagnstekjuskattur		24.924
Innvextir	113.289	
Skatturinn V/prókúru		2.000
<b>Samtals</b>	<b>2.362.586</b>	<b>2.418.636</b>

### Eign deildarinnar

Flutt frá fyrra ári 4.003.725

Staða við áramót 3.947.675

**Tap 56.050**